Sýnir úr fjarlægð

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Íslenzkir málarar eru víða starfandi erlendis og hafa getið sér þar gott orð, og á meðal þeirra er *Karólína Lárusdóttir,* sem búsett er í nágrenni Cambridge í Englandi.

Þótt Karólína hafi í meira en tvo tugi ára dvalið erlendis, hefur hún þá sérstöðu meðal þeirra myndlistarmanna sem hleypt hafa heimdraganum, að sækja myndefni sitt að meginhluta til ættlandsins. Þetta er nokkuð athyglisvert í ljósi þess, að sitt listræna uppeldi hefur hún alfarið úr enskum listaskólum, sem þykja margir allnokkuð íhaldssamir og styðjast mjög við innlenda hefð. Listakonan sækir og gamla landið reglulega heim, og þá ferðast hún iðulega víðs vegar til að sanka að sér áhrifum, þótt myndefnin tengist mestmegnis æskustöðvunum, því sem var í næsta sjónmáli, er hún óx úr grasi. Hitt gleymist þó engan veginn, að rannsóknum á íslenzkri myndlist og íslenzkri listasögu hefur ekki verið sérlega stíft haldið að nemendum íslenzkra listaskóla fram til þessa, svo að nemendur eru iðulega útlenzkari en allt útlenzkt, er þaðan kemur. Kannski er það einmitt þess vegna sem Íslendingum, sem hljóta listræna menntun sína ytra, verður meira hugsað til ættlandsins í fjarlægð í myndefnaleit sinni. Það er svo borðleggjandi, að íslenzkum listamönnum er gjarnt að leita til fjarlægðarinnar í myndefnavali, svo að hér má ætla að hlutirnir hafi haft endaskipti en eru þó í fyllsta samræmi við íslenzkt manneðli.


Karólína hefur að auki oftar haldið einkasýningar hér heima en ytra, þótt á því kunni senn að verða breyting, en draumur velflestra íslenzkra málara virðist hins vegar vera að sýna í útlandinu!

Það hefur verið heilmikið af fólki í myndum Karólínu fram að þessu, jarðbundnu fólki, svífandi fólki og fólki, sem hefur verið eins og áveðurs á myndfletinum. Hér hefur maður kennt ýmislegt af andblæ liðinna ára og þóst greina í senn hreppstjora, bændur og búalið, heimasætur, kaupakonur og ósköp venjulegt fólk í hinum ýmsu útgáfum.

Hugnist íslenzkum listamönnum að seilast dálítið í gullastokk eigin minninga svo og fortíðarinnar, þá ætti þá svo sannarlega ekki að skorta myndefni, sem eru jafn háleit og myndræn öllu því, sem hefur á sér útlend vörumerki og hafið er til vegs af steinríkum listpáfum. Á síðustu tímum algjörs frelsis í myndhugsun hafa listrýnendur annað tveggja beint sjónum sínum að sjálfri útfærslu myndanna eða hugmyndafræðilegu inntaki og þá iðulega með goðsögurnar í bakhendinni.

Mannlífið sjálft er goðsögnin í myndheimi Karólínu og þá helzt í agaðri og skynrænni útfærslu. Ljósbrigðin eru styrkur Karólínu og þannig séð liggja vatnslitirnir mun nær persónu hennar en olíulitirnir.

Þessi sýning, sem byggist að meginhluta á vantslitum, er og tvímælalaust sterkasta framlag Karólínu á íslenzkum vettvangi fram til þessa.



Karólína Lárusdóttir, myndlistarkona.

Og þótt undarlegt megi virðast þá vekja þær myndir einna mesta athygli, sem telja má í yfirstærðum í þessari tækni og er það vegna margslunginnar beitingar vatnslitatækninnar. Að vísu má greina verur innan í sumum myndanna og er það ekki til skaða, en hinar standa einnig alveg fyrir sínu og ljóst má vera, að Karólína er mjög að sækja í sig veðrið og vísa ég hér einungis til mynda eins og „Sjór" (1), „Verur" (6) og „Gulir steinar" (8).

Allar þessar myndir sýna að Karólína þarf ekki endilega að leita til frásagnargáfunnar á myndfletinum til að ná markverðum árangri. Þær hinna minni mynda, sem einfaldleikinn og tærleikinn prýða, bera af að mínu mati svo sem „Straukona" (17), „Ljón við borð" (23), „Kvöldrómans" (31) svo og fleira í slíkum dúr.

Það er helzt í tréristunum að segja má, að frásögnin virðist skipta meira máli en útfærslan, en sem grafík-listamaður er Karólína meira en vel gjaldgeng og þá einkum er hún nær að þróa beztu eðliskosti sína í einfaldri, skýrri og blæbrigðaríkri útfærslu.

Myndhvörf

Í núlistum eru myndverkin ósjaldan allt í senn, málverk, lágmynd sem höggmynd, að viðbættri efnislegri dýpt.

Kannski er svo ekki fráleitt að nota skilgreininguna myndhvörf á slíka tegund myndlistar, sem svo mjög hefur fjarlægst upphaflega skilgreiningu innbyrðis hugtaka. Svona líkt og menn gefa orðum aðra merkingu en þau höfðu upphaflega.

Myndverk hins unga og stórhuga *Guðjóns Bjarnasonar* flokkast ótvírætt undir þessa nýju tilhneigingu myndlistarmanna. Hann kemur mjög á óvart með flekum í yfirstærð, sem hann sýnir í austursal Kjarvalsstaða, svo og hliðarsal, fram til 25. mars. Að kalla þessi myndverk fleka er réttnefni, því að þetta eru öllu frekar smíðaðir flekar en dúkar, og í sumum verkanna hefur smíðaverkið veigamiklu hlutverki að gegna. Þá teljast og sum verkanna til hreinnar rúmtakslistar.

Á einum stað skiptir það verki eftir endilöngu lóðrétt og ofarlega lárétt, svo að minnir á kross og fær trúarlegt yfirbragð. Þá er eins og Guðjón vilji stundum opna málverkið með eins konar raufum eða gluggum eins og til að skírskota til háleitari vídda.

Það er og heilmikið, sem minnir á trúarbrögð og helgilist í þessum verkum og er skírskotunin í mörgum tilvikum hrein og bein, svo vísað sé til nafngiftanna, en í öðrum óbein eins og t.d. í myndinni, sem ber rétt og slétt nafnið „Samstilling" (11) og hefur dularfullt grænt og nær gagnsætt yfirborð svo að minnir á eitthvað ofurfíngert og yfirskilvitlegt. Áferðin virkar þá eins og fyrirheit um eitthvað dularfullt, upphafið og mikilfenglegt að handan og vil ég strax segja það álit mitt, að þetta sé ein



Guðjón Bjarnason

athyglisverðasta og best málaða mynd sýningarinnar.

Guðjón hefur undanfarinn áratug stundað nám í New York og hefur meistaragráðu í málaralist og húsagerðarlist. Það kemur og fram í sumum myndverkanna, að byggingarmeistarinn er ekki langt undan í myndhugsun hans.

Guðjón kann sitt handverk og gengur hreint og óhikað til verks og stundum sést honum jafnvel ekki fyrir í ákefð sinni, þannig að liturinn er eins og utan á fletinum og tengist ekki innri lífæðum hans. Hann virðist hafa mikinn áhuga á skrautlegu yfirborði og þannig notar hann silfur og gullbrons í sumar myndirnar og jafnvel ekta blaðagull í aðrar.

Þessi árátta gerandans kemur manni stundum í opna skjöldu og hefur frekar fráhrindandi áhrif við fyrstu kynni, því að hér hefur einhvern veginn ekki átt sér stað nægileg gerjun til að gera ferlið sannfærandi.

Vafalítið eru í þessum myndum heilmikil áhrif frá ýmsum þáttum listflóru New York-borgar svo og Þjóðverjans Anselms Kiefer, en sá leggur mikla áherslu á dýpt og fyllingu í myndum sínum ásamt beinni skírskotun til nútímans, sögu þjóðar sinnar og goðsagna fortíðarinnar.

Það var og einmitt mikil sýning á verkun Kiefers á MOMA fyrir tveim árum, og hvað er eðlilegra og skiljanlegra en að ungur fullhugi í listinni láti hrífast og verði fyrir áhrifum?

Að öllu samanlögðu var ég sáttastur við myndir hnitmiðaðs og samfellds ferils svo sem kemur fram í áðurnefndu myndverki svo og „Sjálfsmynd" (1), „Töfrahringurinn" (81) og „Fílabeinsturnar" (88). Upphenging hinna mörgu myndeininga á endavegg er snjöll hugmynd og lyftir sýningunni, gefur henni auknar víddir, en það er hins vegar allt annar handleggur að geta sér til, hvernig þessar einingar njóti sín einar og sér.

Hér er hraustlega gengið til verks og af mikilli sköpunargleði og má meira en vera að sá grunnur sem hér hefur verið lagður eigi eftir að reynast höfundinum giftudrjúgur í framtíðinni.

Halldór Laxness í Þýskalandi

Bókmenntir

Ingi Bogi Bogason

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir: Halldór Laxness in Deutschland. (201 bls.) Peter Lang, Frankfurt a.M., Bern, New York, Paris 1989.
Útgáfuna annaðist prófessor Bernhard Gilenke.

Hér er um að ræða bók sem að stofni til er lokaritgerð höfundar til magistersgráðu við háskólann í Kiel í V-Þýskalandi og er áttunda bindið í ritröðinni **Beitrage zur Skandinavistik** („Framlag til norrænna fræða").

Meginviðfangsefni höfundar er að gera grein fyrir viðtökum á ritverkum Halldórs Laxness í Þýskalandi, hvernig þau hafa þar verið skilin og metin. Rannsóknir sínar byggir Guðrún Hrefna á þýskum ritdómum sem birst hafa um bækur Halldórs gegnum árin. Það liggur í augum uppi að hér hefur verið um ærinn starfa að ræða, sérstaklega hlýtur að hafa verið erfitt að finna einstaka ritdóma, dreifða í misþekktum blöðum. En af bókfræðihluta ritgerðarinnar má vera ljóst að alúðlega hefur verið unnið, hann einn nær yfir tæpar 60 blaðsíður.

Viðfangsefnið lætur lítið yfir sér en býður í raun upp á frjóar vangaveltur vegna þess að á þessari öld hafa viðtökur á verkum Halldórs verið á fáum stöðum fjölbreytilegri en í Þýskalandi. Því ræður m.a. hugmyndalegur kollhnís þjóðarinnar frá nasisma til kommúnisma og kapítalisma. Eins er hitt merkilegt að bækur hans hafa verið þýddar og gefnar út á þýsku á afar löngu tímabili, allt frá 1936 til dagsins í dag.

Hér gefst hvorki rúm né tími til að gera grein fyrir aðferðafræði höfundar né nákvæmum niðurstöðum. Aðeins skal tiplað á því sem mesta forvitni vekur hjá þessum blekbera.

Það er ómaksins vert fyrir íslenska lesendur að hugleiða hvort útlendingar „skilji" eitt og annað í verkum Halldórs. Svo dæmi séu tekin, hvert úr sinni áttinni: Er viðbúið að þýskir lesendur kynnist Uglu, Jóni Hreggviðssyni og Ólafi Kárasyni „eins og" íslenskir lesendur? Spurningin svarar sjálfri sér líklegast neitandi, þessar persónur hljóta um margt að skírskota til annarra fyrirbæra hjá erlendum lesendum en hjá okkur. Ekki þar með sagt að skilningur annarra þjóða sé endilega þrengri eða beinlínis skakkur, oft á tíðum einfaldlega annar.

Rannsókn Guðrúnar Hrefnu sýnir að þýskir útgefendur hafa gengið að því vísu að verk Halldórs hefðu nógu víðtæka skírskotun til að vera gefin út í Vestur- og Austur-Þýskalandi á þeim tíma þegar vestrið og austrið voru hvergi ósættanlegri en einmitt í þessum ríkjum tveim. Ekki er víst að þeir hafi alltaf metið aðstæður rétt. Þótt bækur Halldórs hafi fjölþætta skírskotun er viðkomandi menningarsamfélag — í þessu tilviki klofið Þýskaland, bæði sögulega og hugmyndalega — ekki ævinlega tilbúið að veita sundurleitum blæbrigðum eins verks viðtöku. Lítum á nokkur dæmi.

Árið 1951 birtist Íslandsklukkan fyrst í þýskri þýðingu. Á þessum tíma fer áhugi á norrænum bókmenntum, sem og norrænni menningu yfirleitt, minnkandi á þýsku málsvæði. Almennar hugleiðingar og varkárni í túlkun einkenna vestur-þýsku ritdómana um Íslandsklukkuna, í einum þeirra er talað almennum orðum um að sagan fjalli um baráttuna gegn órétti, ómennsku og ofbeldi á öllum tímum, alls staðar. Í A-Þýskalandi er skilningur bókmenntamanna á Íslandsklukkunni allt annar en í V-Þýskalandi. Túlkun þeirra er hlutbundnari og trúrri textanum, Jón Hreggviðsson er gjarnan túlkaður sem samnefnari undirokaðra Íslendinga.

Um ekkert annað verk Halldórs hafa þýskir ritdómarar verið eins ósammála og Atómstöðina. Bókin kom út í þýskri þýðingu 1955, sama ár og skipting Þýskalands verður staðreynd, NATO og Varsjárbandalagið orðin að veruleika. Austur-þýskir ritdómarar greindu verkið nákvæmlega og áttu skiljanlega ekki erfitt með að túlka boðskap þess. Vestur-þýsku ritdómararnir veigruðu sér við að fjalla beint um efni verksins en drápu umræðunni á dreif með því að meta hvort sagan væri kommúnísk eða ekki. Einn bókarýnirinn gekk svo langt að stimpla Atómstöðina sem áróðursrit sem innihéldi verulega hættu fyrir hinn vestræna heim.

1961 kom Brekkukotsannáll út í V-Þýskalandi og ári síðar í A-Þýskalandi. Hérna verða greinilegar breytingar í afstöðu þýskra ritdómara á bókum Halldórs. V-þýskir ritdómarar verða fegnir því að pólitíkin er ekki eins nálæg og oft áður og eru þess vegna ófeimnari við að túlka þetta verk en mörg önnur. A-þýskir ritdómarar eru hins vegar dálítið vonsviknir, halda því samt fram að Halldór sé enn samfélagsgagnrýninn þótt slíkt standi að vísu ekki í forgrunninum. Með þessu verki hefur dregið úr andstæðum áherslum í ritdómum A- og V-Þýskalands, örlögum aðalpersónanna sem og frásagnarhætti verksins eru gerð betri skil beggja vegna landamæranna en oft áður.

Guðrún Hrefna fjallar í sérstökum kafla um viðbrögð þýskra gagnrýnenda við því þegar Halldór fékk nóbelsverðlaunin 1955. Viðbrögðin austan og vestan megin eru